# AUGLÝSING

**um vátryggingafjárhæðir í aksturskeppni.**

1. gr.

Ákveðið hefur verið að vátryggingafjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 48.500.000 króna vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 28.000 krónur að lágmarki og 280.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að vátryggingafjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna við keppni utan vega skuli vera 4.850.000 krónur við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar um akstursíþróttir og aksturskeppni nr. 257 18. apríl 2000, gildir fyrir árið 2002.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. nóvember 2001.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

*Sandra Baldvinsdóttir.*